

bifreiðanna verið seldar hérlandum mönnum, og mun söluverð þeirra hafa numið alls kr. 120000.00. Mati hinna dómkvöddu manna á skipinu, sem er 5382 brúttó smálestir, ásamt jární og vistum, eins og það var á Gufunesfjöru, hefur ekki verið hnekkð, og þykir því verða að leggja það til grundvallar.

Að öllu framantöldu athuguðu, þykja björgunarlaunin til stefnanda hæfilega ákveðin kr. 1000000.00, sem stefndum verður gert að greiða ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Einnig greiði stefndur kr. 20000.00 í málskostnað.

Dráttur sá, sem orðið hefur á því, að málið yrði munnlega flutt, eftir að gagnasöfnun var talið lokið, stafar af því, að Carl Finsen framkvæmdarstjóri hefur verið veikur að undanfögnu og málflutningsmaður hans hefur eigi talið sér fært að flytja málið, meðan svo stóð.

Réttinn skipuðu: hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Geir Sigurðsson skipstjóri og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

#### Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Carl Finsen f. h. Trolle & Rothe h/f vegna eigenda og vátryggjenda e/s Persier, skips og farms, greiði stefnandanum, Pálma Loftssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins, kr. 1000000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 26. júní 1941 til greiðsludags og kr. 20000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. marz 1943.

Nr. 8/1943. **Réttvísín og valdstjórnin**

(cand. jur. Gunnar J. Möller)

gegn

**Ingólfi Siggeir Andræssyni Nielsen**

(Magnús Thorlacius).

Manndráp af gáleysi. Brot gegn bifreiðalögum.

#### Dómur hæstaréttar.

Við rannsókn, sem fram hefur farið eftir uppkvaðningu héraðsdóms, kom það upp, að bifreið sú, sem ók næst á eftir bifreið ákærða, var R. 347. Bifreiðarstjóri þeirrar bifreiðar og þrír af farþegum hennar kveða K. 31 hafa ekið

fram úr R. 347, rétt áður en slysið varð, og telja farþegarnir, að hraði K. 31 hafi þá ekki verið undir 50 km, miðað við klukkustund. Þá segja bifreiðarstjórinn á R. 347 og tveir af farþegum hennar, að þeir hafi séð hermanninn vera að ganga suður yfir þjóðveginn, er ákærði ók á hann, og kemur það heim við framburði hinna erlendu bifreiðarstjóra, er í héraðsdómi greinir.

Ósamræmi í skýrslu ákærða og skýrslum vitna, frásögn ákærða um akstur hans, er slysið varð, spölur sá, er bifreið ákærða rann, eftir að hann ók á hermanninn, og þunginn í árekstrinum við brezku herbifreiðina sýna það, að athygli ákærða hefur ekki verið nægilega vakandi og hann ekið of hratt, eins og á stóð.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skirskotun til hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að einnig ber að heimfæra brot ákærða undir 27. gr. bifreiðalaganna.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ingólfur Siggeir Andrússon Nielsen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, cand. jur. Gunnars Möllers og hæstaréttarlögmans Magnúsar Thorlacius, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur aukaréttar Reykjavíkur 18. nóv. 1942.

Ár 1942, miðvikudaginn 18. nóvember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2205/1942: Réttvisin og valdstjórnin gegn Ingólfi Siggeir Andrússyni Nielsen, sem tekið var til dóms 7. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ingólfi Siggeir Andrússyni Nielsen bifreiðarstjóra, til heimilis

á Leiðarhöfn á Sauðárkróki, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðarlögum nr. 23 16. júní 1941 og áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. apríl 1912, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærnum og refsingum.

Í Reykjavík:

1929  $\frac{8}{11}$  Dómur hæstaréttar: 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot á 6. gr. laga nr. 51/1928.

1930  $\frac{5}{4}$  Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögnum.

1931  $\frac{16}{1}$  Sátt: 75 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögnum.

1932  $\frac{13}{5}$  Kærður fyrir árás og ölvun. Afturkallað.

1932  $\frac{27}{11}$  Sátt: 10 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt.

1933  $\frac{17}{1}$  Sátt: 200 kr. sekt fyrir vindrykkju í veitingahúsi.

1933  $\frac{2}{3}$  Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot á reglugerð nr. 25/1932.

1933  $\frac{17}{10}$  Dómur aukaréttar: 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.

1934  $\frac{11}{6}$  Sátt: 15 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögnum.

1934  $\frac{15}{12}$  Kærður fyrir óheimila meðferð á fundnu fé. Látið eftir atvikum falla niður.

1935  $\frac{18}{6}$  Aðvörun fyrir brot á umferðarreglum.

Í Skagafjarðarsýslu:

1939  $\frac{17}{10}$  Dómur: 300 kr. sekt og svipting ökuskirteinis í 6 mánuði fyrir brot gegn 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaganna nr. 33/1935 og 5. gr. 3. og 4. mgr. sbr. 14. gr. laga nr. 70 1931.

1940  $\frac{13}{2}$  Dómur: 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 231. gr. 4. lið sbr. 55. gr. hegningarlaganna og 6. sbr. 7. og 8. gr. laga nr. 51/1928, 17. sbr. 37. gr. laga nr. 33 1935 og 63. gr. hegningarlaganna.

1940  $\frac{21}{5}$  Sátt: 10 kr. sekt fyrir brot á umferðarbanni bifreiða.

1941  $\frac{17}{6}$  Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Síðustu daga síðastliðins ágústmánaðar var ákærður staddur hér í bænum með bifreiðina K. 31, sem var 7 manna fólksflutninga-bifreið, eign Kaupfélags Austur-Skagfirðinga á Hofsós. Er eigi annað upplýst um ástand bifreiðarinnar en að hún hafi verið í góðu lagi, nema að hraðamælir hennar var í ólagi. Hefur ákærður skýrt svo frá, að hemlar hennar hafi verið ágætir vökvahemlar og að stýrisbúnaður hafi verið í góðu lagi. Að kvöldi 29. ágúst dvaldi ákærður á heimili kunningja síns Jóns Þorsteinssonar, Nýbýlavegi 26; og drukku þeir saman um kvöldið fulla þriggja pela flösku af brennivíni. Um miðnætti fór ákærður að sofa, og um nóttina og daginn eftir, þar til hann fór í ökuferð þá, sem brátt verður að vikið, neytti hann einskis áfengis. Síðari hluta næsta dags, 30. ágúst,

voru ákærði og nefndur Jón Þorsteinsson lengi saman í K. 31, sem þá stóð við Lækjartorg. Um kl. 19,30 að sögn ákærðs komu að bifreiðinni fjórir menn, þeir Jón Elías Jónsson vélstjóri, Ránargötu 1, Viggó Eggertsson matsveinn, Grettisgötu 46, Jón Baldvin Guðmundsson þjónn, Bergþórugötu 10, og amerískur hermaður. Jón Baldvin var ölvaður og Jón Elías og Viggó eitthvað rykaðir. Menn þessir báðu ákærðan að aka með sig. Hann neitaði því fyrst, en lét þó til leiðast. Ók hann síðan með þessa fjóra menn austur Hverfisgötu. Á veitingastofu á Hverfisgötu 69 keypti ákærður þrjár flöskur af sitrón fyrir þá. Síðan var haldið áfram. Sat Viggó í framsætinu við hlið ákærðs, en Jón Elías á stól aftur í. Nokkru eftir að sitrónið var keypt, rétti Jón Elías ákærðum sitrónflösku og spurði um leið, hvort hann vildi ekki sitrón. Ákærður vildi það, tók við flöskunni og ætlaði að drekka allt úr henni, af því að hann hélt, að í henni væri sitrón. Hann setti nú flöskuna á munn sér og drakk í einu veffangi þrjá sofa úr henni án þess að taka flöskuna frá vörunum. Um leið og hann kingdi þessum sopum, fann hann, að áfengi mundi vera í sitróninu, rétti þeim, sem aftur í sátu, flöskuna og sagðist ekki vilja áfengi. Ákærður ók hægt, meðan hann saup á flöskunni. Þessi frá-sögn um áfengisneyzluna er samkvæmt framburði ákærðs, en eftir honum ber að fara, þar sem öðrum gögnum er eigi til að dreifa um þetta atriði. Viggó Eggertsson minnst þess ekki, að ákærður bragðaði á sitróni eða áfengi á leiðinni, en hann man, að lítið eitt af „gin“ var með í förinni. Jón Baldvin Guðmundsson man alls ekkert eftir ferðinni héðan úr bænum að Baldurshaga, en þangað var ekið. Þar var numið staðar nokkra stund, og drukku þeir, sem í bifreiðinni voru, sína pilsnerflöskuna hver þar inni í veitinga-stofunni. Síðan var haldið af stað áleiðis til Reykjavíkur. Jón Baldvin og ameríski hermaðurinn urðu eftir á Baldurshaga, en í bifreiðina kom Karl Daniel Pétursson járnsmiður, Laugavegi 24 B. Ákærður ók, og sat Viggó í framsætinu vinstra megin, því að stýrið var hægra megin í bifreiðinni. Jón Elías sat vinstra megin í aftursætinu, en Karl Daniel hægra megin. Ákærður ók nú sem leið liggur, þar til komið var að mótum Suðurlandsbrautar og Vatnsveituvogar, að slys það varð, er nú verður lýst. Skulu nú raktir framburðir þeirra, er um slys þetta hafa getað borið.

Ákærður skýrir svo frá, að hann hafi ekið með 30—35 km hraða, miðað við klukkustund, þegar hann nálgast mót Suðurlandsbrautar og Vatnsveituvogar og þegar slysið gerðist, og fullyrðir í tilefni af framburði vitna um þetta atriði, að ökuhraðinn hafi ekki verið yfir 40 km, miðað við klukkustund. Allöngu áður en ákærður kom á sjálfan slysstaðinn, sá hann amerískan hermann standa á vinstri vegkanti rétt vestan við vegamótin, þ. e. a. s. á suðurbrún Suðurlandsbrautar, og gerði hann ráð fyrir, að hermaður þessi væri að bíða eftir bifreið til Reykjavíkur. Ákærður sá einnig, að brezk

herbifreið nálgadist vestan veginn, en gerir sér enga grein fyrir ökuhraða hennar. Eins rámar ákærðan í, að vörubifreið frá hernum væri á norðurhellingi vegarins nokkru austan við slysstaðinn, en honum er ekki ljóst, hvort sú bifreið var á ferð eða stóð kyrr, eða hvert hún sneri. Datt honum ekki í hug, að bifreið þessi stæði í einu sambandi við hermanninginn, sem stóð á suðurbrún Suðurlandsbrautar. Ákærður ók nú áfram og datt ekki annað í hug en að hermaðurinn mundi standa kyrr, meðan ákærður æki fram hjá, en þegar bifreið ákærðs átti ófarna 3—4 metra að hermanninginum, hljóp hann skyndilega og hratt hvert inn á veginn. Ákærður greip nú til þess ráðs, er honum þótti vænlegast til að forða slysi, en það var að beygja til hægri alveg út á norðurbrún vegarins. Um leið og hann beygði, hemlaði hann, en þó ekki til fulls, en um leið og hann hafði beygt, hemlaði hann til fulls. Átlaði hann sér á þann hátt að komast fram fyrir hermanninginn, og hann hélt, að hermaðurinn mundi nema staðar. Eins gerði hann sér vonir um, ef illa færi, að maðurinn lenti einungis utan í bifreiðinni. Hins vegar leizt ákærðum þannig á, að hermaðurinn yrði fyrir bifreiðinni, ef henni yrði ekið á vinstri kanti. Þetta ráð ákærðs brást þó. Vinstra frambretti bifreiðarinnar rakst á hermanninginn, og hann kastaðist á veginn. Í sama veffangi og þetta gerðist, varð árekstur milli bifreiðar ákærðs og brezkrar herbifreiðar, M. 3918354, sem var fólksflutningsbifreið með timburyfirbyggingu, að því er virðist, sem kom vestan veginn. Við áreksturinn kastaðist ákærður til og lenti með ennið á framrúðu bifreiðarinnar. Við þetta svimaði hann, þó ekki meir en það, að hann komst strax út úr bifreiðinni, gekk aftur fyrir hana og að vinstri hlið hennar. Þá lá Jón Elías meðvitundarlaus við vinstri hlið bifreiðarinnar, Viggó sat meðvitundarlaus í framsætinu, en komst fljótt til meðvitundar, en Karl Daniel fór strax út úr bifreiðinni og virtist vera ómeiddur. Ameriski hermaðurinn, sem orðið hafði fyrir K. 31, lá rétt fyrir aftan K. 31 og hafði kastast nærri út á nyrðri vegarbrún. Bæði K. 31 og brezka bifreiðin stórskemmdust við áreksturinn, og slys varð á mönnum í brezku bifreiðinni. Ákærður beið þarna á staðnum, þar til lögreglan kom. Hinir slösuðu voru fluttir burtu í bifreiðum, sem þarna komu að.

Vitnið Karl Daniel Pétursson man ekkert eftir slysinu eða aðdraganda þess sökum þess, hve ölvaður hann var.

Í minni vitnisins Viggós Eggertssonar er áreksturinn og aðdragandi hans mjög í þöku. Hann veitti því ekki athygli, að ökuhraði ákærðs væri frábrugðinn því, sem vant er að vera. Hann sá allt í einu mann á veginum, varð var við, að ákærður beygði, bifreiðin rakst á manninn og alveg um leið á bifreið, sem á móti kom. Frá þeirri stundu og þar til á Landsspítalanum man hann ekkert eftir sér, nema að hann hafi verið borinn inn í hermanskála. Hann gerir sér enga grein fyrir, á hvaða leið maður sá var, er varð

fyrir bifreiðinni, hvernig bifreiðin beygði, né fyrir akstri bifreiðarinnar, er á móti kom og í árekstrinum lenti, og hann man ekki eftir neinni þriðju bifreið þarna á staðnum. Hann segir ákærðan hafa verið algáðan, hann hafi ekki verið reykjandi, þegar slysið varð, og að honum hafi ekki fipazt í akstrinum. Farþegana segir hann eigi hafa haft truflandi áhrif á ákærðan. Þeir hafi setið rólegir.

Vitnið Sidney William John Flanders, sá, er ók brezku her-bifreiðinni, sem í árekstrinum lenti, skýrir svo frá, að hann hafi verið á leið frá Laugarnesi að Geithálsi. Í bifreiðinni var auk hans einungis amerísk hjúkrunarkona, Mary de la Mesa Allen, og sat hún í framsæti við hlið Flanders. Þegar vitnið nálgadist mót Suðurlandsbrautar og Vatnsveituvegar, sá það brezka vöruflutningabifreið standa á norðurbrún Suðurlandsbrautar gegnt Vatnsveituvegi, þ. e. a. s. á vegamótunum, og vegna þessarar bifreiðar hægði það ökuhraðann í um 15 mílur, miðað við klukkustund. Hann sá amerískan hermann koma út um vinstri framdyr vörubifreiðarinnar, ganga aftur fyrir bifreiðina, beygja þar og ganga síðan, ekki hratt, aftan við bifreiðina þvert inn á veginn án þess að líta til hliðanna. Vegna hinnar brezku vörubifreiðar sá vitnið ekki til ferða K 31 fyrr en hún átti um 10 metra ófarna að ameríska hermanninum, og gerir vitnið sér ekki grein fyrir ökuhraða K. 31. Um leið og vitnað sá K. 31, þeytti það horn sinnar bifreiðar til að vara hermanninn við, og virtist hermaðurinn taka eftir hljóðmerkinu og reyna að forða sér, en það var um seinan, því að í því rakst K. 31 á hann. Vitnið gerir sér ekki ljósa grein fyrir, hvar á K. 31 maðurinn lenti, en telur það þó hafa verið á vinstra framhornið. Áður en K. 31 rakst á hermanninn, hafði hún beygt til norðurs, eins og í þeim tilgangi að komast fram hjá hermanninum. Vitnið hyggur, að K. 31 hafi verið hemluð, en hafi skrikað á blautum malbikuðum veginum, og þannig hafi hún rekízt með framendann á framenda bifreiðar þeirrar, er vitnið ók. Bifreið vitnisins var þá á um 15 mílna hraða og ók á miðjum vinstri vegarhelmingnum, 4—5 fet frá sjálfri brún vegarinn, en um 2 fet frá malbiksbrúninni. Vitnið var að öllu leyti vel fyrir kallað, þegar þetta gerðist. Þegar hermaðurinn var kominn út úr vöruflutningabifreiðinni, ók hún áfram og var komin um 50 metra til austurs frá slysstaðnum, þegar slysið gerðist. Vitnið telur hermanninn hafa verið kominn um það bil út á miðjan veginn, þegar hann varð fyrir K. 31, og hann telur, að frá því hann fyrst sá K. 31 og þar til bifreiðarnar höfðu rekízt á, hafi liðið um 5 sekúndur.

Vitnið Mary de la Mesa Allen man, að bifreið, sem hún hefur óljósa hugmynd um, að hafi verið erlend vöruflutningabifreið, var ekið á undan bifreiðinni, er hún var í. Hún telur, að ökuhraði bifreiðarinnar, er hún sat í, hafi, þegar slysið gerðist, verið um 10 mílur, miðað við klukkustund, en að henni hafi áður verið ekið með um 25 mílna hraða, en hafi hægt á sér vegna bifreiðarinnar, sem á

undan ok. Vitnið tók ekki eftir neinu óvenjulegu, fyrr en það sá allt í einu hermann allan á lofti framan við og til hægri við bifreið vitnisins. Um leið sá hún svarta bifreið, K. 31, koma á móti, og virtist hermaðurinn hafa orðið fyrir henni. Henni virtist bifreiðarstjórinn á K. 31, ákærður, vera hikandi, hvað gera skyldi, og frá því augnabliki man hún ekki, fyrr en hún rankaði við sér í sjúkrahúsi. Telur hún þessa atburði hafa gerzt á broti úr sekúndu. Hún gerir sér enga grein fyrir ökuhraða K. 31 og hún hafði ekki séð hermanninn, sem varð fyrir K. 31, fyrr en hann var kominn á loft.

Vitnið James Patrick Stevens ók brezku vöruflutningabifreiðinni, er hermaðurinn var í, sem varð fyrir K. 31. Vitnið ók frá Reykjavík austur Suðurlandsbraut. Við Elliðaárbrúna stóð hinn ameriski hermaður, sem var ódrukkinn og að öllu leyti í eðlilegu ástandi, stöðvaði bifreiðina og fékk að sitja í henni austur veginn. Hermaðurinn óskaði að fara úr bifreiðinni við Baldurhagaherbúðirnar, og á vegamótum Suðurlandsbrautar og Vatnsveituvegar, úti við norðurbrún Suðurlandsbrautar, stöðvaði vitnið bifreiðina. Hermaðurinn fór út um vinstri framdyr bifreiðarinnar, sem vissi út á vegbrúnina, skellti hurðinni aftur og kvaddi. Vitnið vissi nú ekki, hvað hermanni þessum leið eða hvað hann aðhafðist, eftir að hann fór út úr bifreiðinni, heldur ok áleiðis austur Suðurlandsbraut. Hann ók nú áfram á annari gangskiptingu og gizkar á, að hann hafi verið kominn um 100 metra frá gatnamótunum, þegar hann leit við. Hann leit við vegna þess, að islenzk fólksflutningsbifreið, K. 31, hafði rétt í því ekið fram hjá honum með hraða, sem vitnið gizkar á, að hafi verið 45—50 milur á klukkustund. Vitninu datt í hug, hvort hermaðurinn slyppi við bifreið þessa, og leit því út um afturrúðu bifreiðarinnar. Vitnið sá því, að bifreiðin rakst á hermanninn, og virtist vinstra framhorn bifreiðarinnar rekast á manninn. Maðurinn kastaðist upp í loftið, og alveg um leið rakst K. 31 á hina bifreiðina. Ekki gerir vitnið sér grein fyrir, hvort K. 31 ók beint áfram eða var að beygja, þegar þetta gerðist. Vitnið sá, að alvarlegt slys mundi vera að gerast, og ók því í skyndi til herbúðanna við Rauðavatn og skýrði liðsforingjum þar frá atburðinum.

Vitnið Oddur Guðsteinn Sigurgeirsson sat á palli vörubifreiðar, sem var á leið vestur Suðurlandsbraut og kom á slysslaðinn, rétt eftir að slysið gerðist. Skammt vestan við Rauðavatn ók K. 31 fram úr vörubifreiðinni, sem ók greitt. Vitnið er ekki bifreiðarstjóri og treystir sér ekki til að gizka á ökuhraða K. 31, en hefur þó nefnt í þessu sambandi 60 km hraða á klukkustund. Vitnið sá nú á eftir K. 31 vestur veginn. Hann sá brezka fólksflutningabifreið við vegamót Suðurlandsbrautar og Vatnsveituvegar, en gerir sér ekki grein fyrir annari bifreið þar. Hann sá hermann ganga frá norðurbrún Suðurlandsbrautar áleiðis þvert yfir veginn, annaðhvort frá herbifreiðinni eða í grennd við hana, og þegar hann var kominn vel

út á miðjan veginn, rakst K. 31 á hann. K. 31 hafði þá beygt til hægri til þess að dómi vitnisins að komast fram hjá hermanninum, en það tókst ekki, og lenti hermaðurinn framan á K. 31, sennilega við vinstra ljóskerið. Við áreksturinn kastaðist hermaðurinn upp í loftið og út á syðri vegbrúnina, en í sama vettangi rakst K. 31 á hina bifreiðina. Vörubifreiðin, sem vitnið var í, nam staðar við slysstaðinn, og fóru allir þar úr henni og buðu aðstoð sína. Þá lá hermaðurinn um 10 metrum austar en bifreiðarnar stóðu. Hann lá endilangur og vissi höfuðið til austurs.

Í þann mund, er slysið gerðist, var Guðjón Sigurðsson múrari, Barónsstíg 63, staddur ásamt þremur ungum börnum úti fyrir húsinu Árbæjarbletti 74, sem er um 80 metra frá mótum Suðurlandsbrautar og Vatnsveituvegar. Hann var að láta mold í blómsturpott, og þykir honum sennilegt, án þess að geta fullyrt um það, að hávaðinn af árekstrinum hafi fyrst beint athygli sinni að því, sem þarna var að gerast. Vitnið sá ekki hermanninn, og vitnið virðist ekki hafa séð atburðinn fyrr en bifreiðarnar voru að skella saman. Hann skynjaði, að K. 31 var beygt til hægri, og hann telur, að báðum bifreiðunum hafi verið ekið nokkuð hratt, einkum K. 31. Mjög lítið virðist þó upp úr álitni vitnisins um ökuhraðann leggjandi sökum þess, hve seint hann skynjaði atburðinn. Vitnið fór strax á vettvang og sá þá, að hermaðurinn lá langs eftir veginum úti á syðri vegbrún, og snéri höfuðið til austurs.

Nú hafa verið raktir þeir framburðir, er máli skipta um, hvernig slys þetta og árekstur gerðist. Það gerðist um kl. 20,30, þó sennilega heldur fyrr. Vegurinn var malbikaður og blautur, dagsbirta var, en veður móðukennt.

Þegar eftir slysið var farið með hinn ameríska hermann, amerísku hjúkrunarkonuna og Jón Elías Jónsson í sjúkrahús hersins í Laugarnesi, en Viggó Eggertsson var fluttur í Landsspítalann.

Hinn ameríski hermaður, sem var óbreyttur liðsmaður, Lawrence J. Stevenson að nafni, var andaður, er komið var með hann í sjúkrahúsið. Við rannsókn fannst ekkert áfengi í blóði hans.

Jón Elías Jónsson andaðist kl. 20,45, eða mjög skömmu eftir að hann var færður í sjúkrahúsið. Gerð var rannsókn á blóði hans, og reyndist vera í því tvö milligrömm af áfengi per centum. Daginn eftir var lík hans krufið á Rannsóknarstofu Háskólans, og er ályktun rannsóknarstofunnar um krufninguna þessi: „Við líkskoðun hefur komið í ljós mikill áverki á höfði þannig, að hauskúpan hefur brotnað á mörgum stöðum, bæði hvelfing og botn, blætt hefur inn á heilann og heilavefurinn skaddast. Blæðingar þessar og skemmdir á heilanum hafa orðið manninum að bana. Eftir áverkanum að dæma, hefur maðurinn fengið griðarmikið högg ofan á höfuðið framanvert.“

Í vottorði hersjúkrahússins slysdaginn segir, að hjúkrunarkonan,

Mary de la Mesa Allen, hafi ekki meiðzt alvarlega, en þegar hjúkr-unarkonan mætti sem vitni í málinu 8. október s. l., skýrði hún frá því, að hún hefði legið rúmföst vegna slyssins til 6. sama mánaðar. Þá skýrði hún svo frá meiðslum sínum, að framtenuur í efri góm hefðu losnað, en væru nú fastar orðnar, en þyldu ekkert kalt, aflsin framan á hægri hné hefði skorizt og vinstri ökli skaddazt, og væri hvorugt þeirra meiðsla gróíð. Skýrði hún svo frá, að vegna þessara meiðsla ætti að senda sig í sjúrahús í Ameríku, og taldi hún viðbúið, að hún yrði ekki albata fyrr en að nokkrum mánuðum liðnum.

Viggó Eggertsson hlaut við slys þetta allverulegan heilahristing, hægri fótleggur brotnaði rétt ofan við öklann, efst á nef hlaut hann 2 cm langt flipað sár, töluverða blæðingu undir húð á vinstri vanga og stóran skurð á hægri hönd. Fótbrotið var lagt í gipsumbúðir. Hinn 30. september var heilahristingurinn að fullu batnaður, og fótbrotið hafðist vel við, en enn var fóturinn í gipsumbúðum.

Áðurnefndur Sidney William John Flanders meiddist á enni og við auga og marðist á hægri handlegg, en ekki þurfti hann að liggja vegna meiðsla þessara.

Lögreglan færði ákærðan á Landsspítalann, og var þar gert að sárum hans. Hafði hann fengið nokkrar snárispur á andlit og um 4 cm langt óreglulegt, nokkuð djúpt sár neðan við vinstra hné. Segir í vottorði spítalans um ákærðan, að framkoma hans hafi verið eðlileg og róleg og að ekki hafi verið sjáanlegt, að hann væri undir áhrifum áfengis, og að engin vinlykt hafi verið finnanleg af honum. Tekið var úr honum blóðsýnishorn, er við efnarannsókn sýndi „reduktion“, er svarar til áfengismagns 0,96‰. Magnús Eggertsson lögregluþjónn, er fór á slysstaðinn og færði ákærðan á spítalann, sá ekki áfengisáhrif á ákærðum, en fann greinilega áfengislykt af honum.

Daginn eftir slysið rannsakaði bifreiðaeftirlitið K. 31, og segir í vottorðinu um skoðunina, að framhluti bifreiðarinnar sé alveg eyðilagður. Vegna ástands bifreiðarinnar eftir áreksturinn var ókleift að segja um, hvort hemlar hennar hefðu unnið rétt, áður en áreksturinn varð. Flanders bifreiðarstjóri í brezku bifreiðinni, er í árekstrinum lenti, telur þá bifreið hafa eyðilagzt við áreksturinn.

Sannað má teljast, að ákærður hafi ekki verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar, og þar sem hann saup á sitrónflöskunni með áfengisblöndunni í óvitandi, að áfengi var í henni, þýkir honum eigi verða sök á því gefin. Ber því að sýkna hann af kærunni um brot gegn áfengislögunum.

Þegar athugað er, hvers sök áreksturinn og hinar miklu afleiðingar hans eru, verður það fyrst fyrir, að hinn látni her-

maður hefur sýnt mikla ógætni í því að ganga út á veginn, eins og á stóð. Á hann því verulega sök ekki einungis á sínum eigin dauða, heldur einnig á árekstri bifreiðanna og því, sem af honum hlaut. En framferði ákærðs virðist einnig hafa verið nokkuð ábóta vant. Hann tók ekki nægilega eftir brezku vörubifreiðinni, sem hermaðurinn kom í á vegamótin, og þar sem sannað má teljast, að hermaðurinn hafi gengið suður yfir veginn, hefur ákærður mis-skynjað breyfingar hans, þar sem honum virtist hann ganga norður yfir veginn. Þá eru nokkrar líkur til, að ákærður hafi ekið nokkru hraðar en hann hefur skýrt frá. En jafnvel þó að hann hefði ekið með 35—40 km hraða á klukkustund án þess að hægja á sér, þar sem vegamótin voru fram undan, brezka vörubifreiðin á gatnamótunum eða rétt við þau, brezka fólksflutningabifreiðin í nánd og hinn fótgangandi hermaður á gatnamótunum, sjáanlegur ákærðum að eigin sögn ákærðs nokkru fyrir slysið, þykir verða að telja það ógætilegan akstur. Ákærðum hefði borið að fara hægjar og gætilegar, eins og á stóð. Þá verður að telja, að aðstæður allar hafi verið þannig, að ákærðum hafi borið skylda til að gefa hljóðmerki, þegar hann nálgadist vegamótin, en það gerði hann ekki.

Ógætni ákærðs verður því að telja meðorsök í dauða hermannsins og þá einnig í árekstrinum við brezku bifreiðina og dauða Jóns Elíasar Jónssonar og öðrum meiðslum, er af árekstrinum hlutust. Hefur ákærði því brotið 215. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrar 1940 og 26. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Með því að aka bifreiðinni án nothæfs hraðamælis og með því að gefa ekki hljóðmerki hefur ákærður brotið 9. og 28. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna.

Þykir refsing ákærðs eftir atvikum hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi.

Vegna brots þess, er hér liggur fyrir, og fyrri brota ákærðs ber samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna og 68. gr. hegningarlaganna að svipta hann ævilangt rétti til að aka bifreið. Hinn 2. september s. l. var ákærður sviptur ökuskirteini sínu til bráðabirgða, unz dómur gengi í málinu. Ber því að ákveða réttindasviptinguna frá 2. september að telja.

Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Magnúsar Thorlacius, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Ingólfur Siggeir Andrússon Nielsen, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærður er sviptur rétti til að stýra bifreið ævilangt frá 2. september 1942 að telja.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-  
varnarlaun skipaðs verjanda sins, hrl. Magnúsar Thorlacius,  
kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. marz 1943.

Nr. 109/1942. **Einar Einarsson og Jón Einarsson**

(Egill Sigurgeirsson)

gegn

**Skilanefnd Bifreiðaeinkasölu ríkisins og fjár-  
málaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Gunnar J. Möller).

Ráðherra varð ekki með þingsályktun sviptur valdi, er hon-  
um var fengið í lögum.

### **Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdóm hefur upp kveðið Björn Þórðarson lög-  
maður.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með  
stefnu 6. nóv. 1942 og krafizt þess, að þeim verði viður-  
kenndur réttur til vörubifreiðar úr hendi stefndu. Svo  
krefjast þeir og málskostnaðar af stefndu fyrir báðum dóm-  
um eftir mati hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms, en til vara  
sýknu að svo stöddu. Þeir krefjast og málskostnaðar úr  
hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Ráðherra varð ekki, svo bindandi sé að stjórnskipunar-  
rétti, sviptur með þingsályktun, er einungis lýsir vilja  
Alþingis, valdi því, sem honum er fengið í lögum nr.  
30/1935 til yfirráða bifreiðasölu. Geta áfrýjendur því ekki  
reist rétt á ákvörðun nefndar þeirrar, sem kosin var sam-  
kvæmt þingsályktun 1. sept. 1942. Ber þess vegna að stað-  
festa niðurstöðu héraðsdóms í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir  
hæstarétti falli niður.